



Hólar í Hjaltadal, 551 Sauðárkrókur
Sími 455 6300 · holar@holar.is · holar.is

Fundargerð

Háskólaráðsfundur Háskólans á Hólum 1/2026 (nr. 11)

Dagsetning: 22.1. 2026 kl. 15:00-16:30

Staðsetning: Teams

Fundinn sátu eftirtalin: Hólmfríður Sveinsdóttir (HS), Sveinn Margeirsson (SM), Guðrún Jóhanna Stefánsdóttir (GJS), Berglind Víktorsdóttir (BV) varafulltrúi, Anna Jóna Kristjánsdóttir (AJK) varafulltrúi og Jóhanna Ey Harðardóttir (JEH), fulltrúi ráðherra. Sólveig Birna Elísabetardóttir (SBE) nemendafulltrúi, Camille Leblanc (CL) og Einar Kristinn Guðfinnsson (EKG), tilkynntu forföll.

Hólmfríður Sveinsdóttir, ritaði fundargerð.

Dagskrá 118. fundar:

- 1) Dagskrádrög fundar 118
- 2) Fundargerð fundar nr. 117
- 3) Fréttir úr starfi skólans
- 4) Myndun háskólasamstæðu HÍ og HH
- 5) Uppbygging framtíðarhúsnæðis HH
- 6) Endurreisn Hóla í Hjaltadal
- 7) Kynning á Ferðamáladeild – Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri kemur inn á fundinn
- 8) Önnur mál

Afgreiðslur:

1. Dagskrádrög fundar nr. 118. Samþykkt.
2. Fundargerð fundar nr. 117. Samþykkt.
3. Undir liðnum fréttir úr starfi skólans fór rektor yfir það helsta úr starfsemi skólans síðustu misserin. Á meðal þess sem rektor sagði er að vorönn fer vel af stað, ráðuneyti háskóla hefur samþykkt breytingu á innritunargjöldum í háskóla. Háskólum verður heimilt að hækka gjaldið úr 75 þús í 100 þús. HH er að skoða málið. Frumvarp um breytingar á lögum um opinbera háskóla nr. 85/2008 (gjaldtökuheimildir) þar sem háskólum verður heimilt að taka upp skólagjöld af nemendum utan EES var lagt fram af ráðherra háskólamála 15. janúar. Einnig sagði rektor frá því að HH er að byrja í stefnumótun og undirbúningi fyrir gæðaúttekt sem verður sameiginleg með HÍ. Vottun á bleikjukynbótastöð er í gangi og ársuppgjör HH að klárast. SM benti á mikilvægi þess að HH rýni afdrif nemenda utan EES eftir námið við HH.



4. Rektor upplýsti háskólaráð um stöðuna á verkefninu um myndun háskólasamstæðu með Háskóla Íslands. Áfram er unnið í verkefninu innan beggja skóla. Það var mælt fyrir frumvarpi um breytingu á lögum um opinbera háskóla, nr. 85/2008 (háskólasamstæða)“ á alþingi sl. fimmtudag (15.1.26). Sameiginleg upplýsingasíða mun fara í loftið í næstu viku með helstu upplýsingum um verkefnið og stöðu þess. Þessi upplýsingasíða verður opin almenningi en er sérstaklega ætluð starfsfólki og nemendum skólanna beggja.
5. Rektor fór yfir stöðuna á uppbyggingu framtíðarhúsnæðis á Sauðárkróki sem og á Hólum. Undirbúningsvinna á vegum FSRE vegna útboðs fyrir uppbyggingu á kennslu- og rannsóknastöðu á Sauðárkróki fyrir áfanga 1 og 2 er í gangi. Áfangi 1. Lagareldishús á Sauðárkróki - 876 fm. Áfangi 2. Kennslu- og rannsóknahúsnæði á Sauðárkróki – u.þ.b. 1500-2000 fm. Tillaga v/deiliskipulags v/áfanga 1 og 2 að Borgarflöt 35, Sauðárkróki hefur verið auglýst til umsagnar í Skipulagsgátt og er frestur til að koma með umsögn liðinn. FSRE er að vinna í kostnaðargreiningu á innviðum inn í lagareldishúsið ásamt kostnaði við sjóllögn. Frumathugun og hönnun á nýju húsnæði Hestafræðideildar Háskólans á Hólum á Hólum í Hjaltadal hefur ekki hafist. Einnig hefur þarfagreining v/kaupa á Brúnastöðum ekki hafist. Framkvæmdaráð fól rektor að skrifa minnisblað til þingmanna um stöðuna í húsnæðismálum og þá sérstaklega uppbyggingu framtíðarhúsnæðis. Rektor fékk fund með þingmönnum 20. janúar þar sem hún fór yfir málin með uppbygginu húsnæðis fyrir HH. Þann 21. janúar fór rektor á fund byggðaráðs Skagafjarðar þar sem hún fór einnig yfir uppbyggingu húsnæðis fyrir HH.
6. Rektor fór yfir stöðuna. Nefnd á vegum forsætisráðuneytisins vinnur úr tillögum um endurreisn Hólastaðar. Nefndin hittist síðasta föstudag í hverjum mánuði. Rektor og vígslubiskup fara á fund formanns nefndarinnar næsta miðvikudag til að fara yfir stöðuna.
7. Kynning á Ferðamáladeild. Ingibjörg Sigurðardóttir, deildarstjóri Ferðamáladeildar kom inn á fundinn og fór yfir starfsemi deildarinnar og það sem er í deigluinni. Það sem er í deigluinni er m.a. 3 nýjar námsbrautir og aukið samstarf við Ferðamálafræðina í HÍ. Aðsókn í nám í Ferðamálafræði hefur dalað og hefur deildin lagt vinnu í að rýna námsbrautir, námsefni ofl. Áhugaverðar umræður spunnust í lok kynningar.
8. Önnur mál
Engin önnur mál.

Fundi slitið kl. 16:30